



MOSFELLSBÆR  
VIRÐING JÁKVÆÐNI FRAMSEKNI UMHYGGJA

## Minnisblað til fræðslunefndar Mosfellsbæjar

**Efni:** Minnisblað starfsmanns

**Dags:** 11. janúar 2023

**Málsnúmer:** 202301225/-

**Málsmeðferð:** Til umfjöllunar

**Starfsmaður:** Linda Udengård, framkvæmdarstjóri fræðslu- og frístundasviðs Mosfellsbæjar

---

Við seinni umræðu fjárhagsáætlunar Mosfellsbæjar 2020-2023 þann 27. nóvember 2019 var samþykkt framlag til nýsköpunar- og þróunarsjóðs leik- og grunnskóla. Sjóðurinn hefur það að markmiði að stuðla að nýsköpun og framþróun í skóla- og frístundastarfi í leik- og grunnskólum Mosfellsbæjar. Framlag til sjóðsins eru tvær milljónir ár hvert.

Í reglum um Klörusjóð segir í **4 gr.:**

*Árlega eru skilgreindir áherslupættir sjóðsins og hluti af úthlutunarfé tengt þeim.*

Jafnframt segir í **3. gr.:**

*Úthlutað er úr sjóðnum einu sinni ári. Auglýst er eftir umsóknum í sjóðinn að vori ár hvert. Í auglýsingu tilgreinir fræðslunefnd hverju sinni ákveðna áherslupætti sjóðsins fyrir viðkomandi tímabil en einnig er opið fyrir önnur verkefni. Sótt er um á sérstöku eyðublaði. Umsóknir skulu hafa borist fyrir 15. apríl og þeim skal svarað fyrir 1. júní.*

Fyrir fræðslunefnd liggur því að koma fram með skilgreinda áherslupætti vegna úthlutunar úr Klörusjóði fyrir árið 2023.

Virðingarfyllt,

Linda Udengård  
framkvæmdarstjóri fræðslu- og frístundasviðs Mosfellsbæjar